

Lífun

tímarit um heimili og lífsstíl - 05 2006


Morgunblaðið

◆ sætar sumarstundir

- ◆ endurkoma hönnuðar
- ◆ vin í borgarysnum
- ◆ glaðleg garðhúsgögn
- ◆ léttleiki og litagleði
- ◆ vorveisla í eldhúsinu



hús geta boðið upp á ævintýri



Ivar Örn Guðmundsson hjá Nexus arkitektum segir samhengið í hverju verkefni mikilvægt.

Margir okkar færustu arkitekta hafa aflað sér reynslu erlendis að loknu námi og fært okkur heim nýjustu strauma og stefnur ásamt tækni-legrri kunnáttu á heimsælikvarða. Ívar Örn Guðmundsson hjá Nexus arkitektum er í hópi þeirra sem aflað hafa sér reynslu á erlendri grund. Að loknu námi frá Architectural Association School of Architecture í London, Southern California Institute of Architecture í Los Angeles og Columbia University í New York starfaði hann einnig í þessum heimsborgum áður en hann stofnaði Nexus arkitekta í Reykjavík árið 2001.

Nú hefur þú komið að hönnun íbúðarhúsnæðis og verið ráðgjafi við skipulagningu íbúðarhverfa. Hvað finnst þér mikilvægast þegar þú nálgast hönnunarverkefnið sem berast á borð til þín?

„Það sem skiptir mestu máli er að hugsa um samhengið í verkefninu. Það þarf að huga að því hverjir verða íbúar, hverjar eru þarfir þeirra og óskir, þá skiptir ekki máli af hvaða stærðargráðu verkefnið er. Mér verður oft hugsað til stuttmyndar sem bandarísku hönnuðirnir Charles og Ray Eames gerðu

árið 1977 sem heitir The Powers of 10. Þetta er 9 mínútna kvikmynd sem gefur sérstaka sýn á veröldina í kringum okkur. Hún fær mann til þess að hugsa um samhengi og heildarsýn og hefur veitt mér innblástur í verkefnum þar sem taka þarf tillit til þessara þátta. Þegar hugað er að íbúðarhverfi þarf að huga að nágrenninu, nálægri þjónustu, staðsetningu skóla, samgangna og þess háttar. Það sama á við um íbúðarhúsnæði. Þá þarf að huga að þörfum íbúanna og þeirra lífsstíl. Stundum hefur fólk ekki hugmynd um alla þá óteljandi möguleika sem í boði eru og þá þarf líka að huga að því hvað er skynsamlegt að gera. Sem betur fer hefur umræða um hönnun aukist en er þó mikið afmörkuð við innanhússhönnun. Sú umræða getur þó vonandi þróast út í almennari umræðu um arkitektúr í heild sinni. Hús geta boðið upp á ævintýri sé þeim leyft það.“

Geturðu útskýrt betur hvað þú átt við með að hús geti boðið upp á ævintýri?

„Það er frekar einfalt að byggja hús. En arkitektúr er annar hlutur, þar eru tækifærin mörg. Hús er ekki bara hús, veggir, gluggar og hurðir heldur umgjörð um drauma. Þannig getur arkitekt hannað umgjörð um ævintýri og drauma íbúanna. Þannig er hluti af mínu starfi að spyrja mína viðskiptavini hverjir eru þeirra draumar. Er matur og matseld þeirra ævintýri? Eða vinnan í garðinum, tónlistin eða kannski draumþvottahúsið? Upplifunin er svo mikilvæg og útfærslurnar óteljandi.“

spurt og svarað



Eitt af verkefnum sem Ívar tók þátt í hjá Rafael Vinoy Architects í New York var Samsung Jung-ro-torninn í Seoul.



Margir aðilar komu að hönnun Diamond Ranch High School sem var verkefni arkitektastofunnar Morphosis í Los Angeles.

Hvernig eiga þessar hugmyndir við þegar skipuleggja á íbúðarbyggð?

„Það er mikilvægt að þeir sem komi að slíkri vinnu séu úr ólíkum áttum til þess að geta speglað ólíkar þarfir. Ég reyni að setja mig í spor allra hópa sem munu nýta svæðið en samvinna ólíkra aðila kemur að miklu gagni. Gott hverfaskipulag skiptir miklu máli þegar á að fara að hanna byggingarnar. Það er erfitt þegar skipulagið býður ekki upp á góða hönnun því þá verður arkitektúrinn ekki eins skemmtilegur. Of oft eru skipulagðir afmarkaðir reitir en ekki tekið tillit til heildarinnar. Það þarf að taka tillit til náttúrunnar og spila með umhverfinu. Í miðborginni höfum við tækifæri til þess að hanna Vatnsmýrina í tengslum við Tjörnina og Hljómskálagarðinn. Þar þætti mér gaman að sjá veitingahús og afþreyingarsvæði. Í miðbænum er mannlífið sjálft útsýnið og ævintýrið.“

Er eitthvert verkefni sem þú hefur unnið við þar sem sérstaklega hefur verið hugað að samhengi við náttúruna?

„Eitt af þeim verkefnum sem ég vann að um tíma, með arkitektinum Thom Mayne hjá Morphosis í Los Angeles, var Diamond Ranch High School í Kaliforníu. Þetta er mjög þekkt verkefni og margir sem komu að hönnun og framkvæmd þess. Þar var lögð mikil áhersla á rýmið og samspil við náttúruna. Græn svæði fá að njóta sín og reynt var að hanna bygginguna með þarfir nemenda í huga og þannig reynt að búa til ævintýri fyrir þá til þess að upplifa á hverjum degi í skólanum. Þak byggingarinnar var hannað út frá hæðarlinum í náttúru staðarins þar sem skólinn var byggður. Þetta verkefni hefur fengið mikla athygli í öllum helstu fagtimaritum arkitekta og fengið mörg verðlaun. Það var afar gaman að fá að taka þátt í þessu verkefni og ég hlakka til að fara og skoða bygginguna fulla af lífi og fjöri.“



Princeton-háskólaeikvangurinn var eitt af verkefnum sem Ívar tók þátt í hjá Rafael Vinoy Architects í New York.

Ahugaverðar vefsíður: www.powersof10.com | www.rvpc.com | www.morphosis.net